



296. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, kl. 12:00 fimmtudaginn 22. október 2020.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, , Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ingi Þór Ágústsson og Knútur G. Hauksson

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Aukaarðgreiðsla Íslenskrar Getspár

Forseti skýrði frá aukagreiðslu Íslenskrar getspár til allra eignaraðila fyrirtækisins, í ljósi góðs gengis fyrirtækisins. Heildarupphæð greiðslunnar er 300 milljónir og af því fær ÍSÍ 46,67 % eða 140 milljónir króna.

Samþykkt samhljóða að greiða þessa aukagreiðslu út samkvæmt úthlutunarreglum lottós, í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna faraldursins Covid-19. Upphæðin sem kemur í hlut hvers sambandsaðila jafngildir um tveimur mánaðarlegum lottógreiðslum.

2. Íþróttamiðstöðin í Laugardal – tilboð vegna þakviðgerðar

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Viðskiptavít ehf. hafi átt lægsta tilboðið í viðgerð á þaki Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Tilboðinu var tekið, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar ÍSÍ í gegnum tölvupóst.

Verklök eru áætluð í lok nóvember 2020.

Fjármagnið til að standa undir viðgerðunum verður tekið úr Viðhalds- og byggingarsjóði ÍSÍ.

3. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Áfram er óvissa með alþjóðlegt mótahald. Búið er að fresta EYOWF 2021 sem átti að halda í Finnlandi í byrjun febrúar nk. Þangað til í desember 2021 en þá verða tæp tvö ár liðin frá síðasta ólympíska viðburði. Búið er að fella niður Sumarólympíuleika ungmenna (YOG) sem halda átti 2022 og verða því næstu leikar ekki fyrr en árið 2026. Fyrirhuguðum afreksbúðum ÍSÍ hefur verið frestað en verið er að skoða rafræna möguleika varðandi þann hóp.

Þórey Edda skýrði frá því að Ólympíusamhjálpin hefði samþykkt að styrkja sundkonuna Snæfríði Sól Jórunnardóttur í stað Eyglóar Óskar Gústafsdóttur sem er hætt keppni. Sviðið hefur unnið samantekt úr svörum sérsambanda ÍSÍ við spurningum Afrekssjóðs ÍSÍ um reglur og fyrirkomulag úthlutana úr sjóðnum. Margt áhugavert kom þar fram sem skoðað verður betur í framhaldinu. Vinnufundur sviðs og Afrekssjóðs ÍSÍ verður haldinn næstkomandi mánudag.

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá stöðu mála í Tókýó en hann sat nýlega fjarfund með skipuleggjendum Ólympíuleikanna í Tokyo þar sem farið var yfir helstu málaflokka. Verið er að vinna með fjórar sviðsmyndir varðandi leikana en gera má ráð fyrir að niðurstaða liggi ekki fyrir fyrr en í lok ársins. Í mars er svo ráðgert að halda fund fyrir Ólympíunefndirnar.

Búið er að setja saman Ólympíuhóp ÍSÍ, út frá stöðunni í dag, og verður hann kynntur fjölmiðlum. Á listanum er það afreksíþróttafólk sem sérsambönd ÍSÍ, í samvinnu við ÍSÍ, telja að eigi nú möguleika á að vinna sér inn þátttökurétt á leikunum.

4. Fagsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Búið er að sækja um styrk úr Íþróttasjóði vegna kostnaðar við þýðingu námsefnis vegna þjálfaramenntunar. Sviðið leitar eftir heimild til að geta hafið verkefnið strax þó að niðurstaða sé ekki fengin varðandi fulla fjármögnun þess.

Vísað til gjaldkera og framkvæmdastjóra til skoðunar.

77 skólar tóku þátt í Ólympíuhlaupinu í ár og samtals 16.521 nemandi hlupu samtals 67.178 kílómetra. Forvarnardagurinn var 7. október sl. með töluvert breyttu sniði og var aðallega keyrt á samfélagsmiðlum. Ekki er búið að fastsetja dagsetningu málþings um rafleiki en það hefur verið erfiðleikum bundið að skipuleggja það með tilliti til þeirra erlendu fyrirlesara sem búið var að fá til þátttöku í viðburðinum.

Verið er að þýða bæklinginn Allir með! yfir á tvö ný tungumál.

Ýmsar hugmyndir eru í vinnslu varðandi Fyrirmyndarverkefnið, sem farið verður betur yfir síðar.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Undirbúningur fyrir Lífshlaupið gengur vel. Verið er að vinna uppgjör fyrir Íþróttaviku Evrópu 2020 og umsókn vegna ársins 2021. Endurskoðun stefnu sviðsins er á lokastigi. Sviðið hélt vinnufund 7. október sl. þar sem farið var yfir helstu verkefni sviðsins og ekki síst framtíð Kvannahlaups ÍSÍ. Þráinn kynnti helstu tillögur varðandi breytingar á fyrirkomulagi hlaupsins og framkvæmd. Kvannahlaupsnefnd ÍSÍ hefur kynnt sér tillögurnar og er sammála þeirri nálgun sem þar kemur fram.

Lýðheilsa og almenningsíþróttir eru í forgrunni í samfélaginu þessa mánuðina og mörg tækifæri sem felast í samstarfi við aðila sem koma að lýðheilsutengdum málum.

5. Málefni COVID-19

Forseti og framkvæmdastjóri fóru stuttlega yfir stöðuna og þær takmarkanir sem í gildi eru, bæði innan og utan höfuðborgarsvæðis. Faraldurinn hefur verið á uppleið í höfuðborginni og valdið hertum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda gagnvart íþróttastarfinu.

Forseti skýrði frá viðræðum og samskiptum við stjórnvöld varðandi frekari fjárframlög frá ríkinu til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjufalls fyrir tímabilið frá júní og út árið. Verið er að ræða ýmsar útfærslur og munu málin skýrast fljótlega.

Bókaðar þakkir til framlínufólks ÍSÍ vegna þeirrar miklu vinnu sem aðstæður vegna COVID-19 krefjast.

6. Formannafundur

Fundurinn verður haldinn á Teams, föstudaginn 13. nóvember nk. Farið verður eftir hefðbundinni dagskrá þar sem því verður við komið. Málefnið sem stjórn tekur fyrir

verða fjármálatengd, í tengslum við COVID-19 og niðurstöður vinnuhópa. Síðara fundarboð verður sent út í lok októbermánaðar.

7. 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021

Samþykkt að halda 75. Íþróttaping ÍSÍ dagana 7. og 8. maí 2021. Skrifstofu falið að senda út tilkynningu um dagsetningar þingsins til sambandsaðila ÍSÍ.

8. Tölfræði úr starfsskýrslum 2020

Tölfræðiúrvinnsla er á lokastigi og verður birt á heimasíðu ÍSÍ í aðdraganda Formannafundar ÍSÍ og einnig kynnt á fundinum.

9. Vinnuhópar ÍSÍ

Farið yfir stöðu vinnuhópa ÍSÍ. Lögð fram lokaskýrsla vinnuhóps um gistaðstöðumál í hreyfingunni. Skýrslan og starf hópsins verður kynnt á Formannafundi ÍSÍ sem og niðurstöður annarra vinnuhópa sem þegar liggja fyrir.

10. Vinnuhópar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ

Andri Stefánsson fór yfir starf þriggja vinnuhópa sem Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ setti á laggirnar.

Vinnuhópur um tryggingamál er tilbúinn með lokaskýrslu og verður hún kynnt á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Vinnuhópur um skólamál og vinnuhópur um umhverfi íþróttafólks eru að störfum.

11. #verum hraust - jákvæð skilaboð út í samfélagið um mikilvægi daglegrar hreyfingar

Skrifstofustjóri fór yfir aðdraganda og fyrirkomulag átaksins #verumhraust sem ÍSÍ ýtti úr vör um miðjan mánuðinn. Átakið felst í hvatningu og jákvæðum skilaboðum á samfélagsmiðlum um daglega hreyfingu og eru unnin í samvinnu við auglýsingastofuna Kontor.

Með hliðsjón af ástandinu í samfélaginu vegna COVID-19 þá var talið nauðsynlegt að koma af stað hvatningu út til landsmanna um mikilvægi reglubundinnar hreyfingar.

12. Verkefni yfirvalda til stuðnings börnum og ungmennum í skipulögðu íþróttastarfi

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhuguðu verkefni sem unnið verður í samstarfi félags- og barnamálaráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um er að ræða verkefni í formi stuðnings og fræðslu til þeirra aðila sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni. Verkefnið snýr m.a. að því að börn upplifi sig velkomin í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi.

13. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í vinnuhóp mennta- og menningarmálaráðuneytis um rafleiki/rafíþróttir

Lagt fram erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað er eftir tilnefningu frá ÍSÍ um einn fulltrúa í ofangreindan vinnuhóp. Tilnefna þarf bæði karl og konu.

Samþykkt að tilefna Viðar Garðarsson og Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur sem fulltrúa ÍSÍ.

14. Endurskoðun þjálfaramenntunar - stöðuskýrsla

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði frá vinnu Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ við endurskoðun þjálfaramenntunar. Stefnt er að því að gera umtalsverðar breytingar á bæði námsefni sem og fyrirkomulagi.

15. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir voru samþykktar í gegnum tölvupóst:

Heiðranir á ársþingi Frjálsíþróttasambandsins sem fram fór í Hafnarfirði 2.- 3. október sl.: Gunnars Svavarsson, Gullmerki ÍSÍ.

Við sama tækifæri voru eftirfarandi heiðursviðurkenningar, sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn fyrir á árinu, afhentar:

Eggert Bogason, Silfurmerki ÍSÍ,
Ragnheiður Ólafsdóttir, Silfurmerki ÍSÍ
Björn Pétursson, Silfurmerki ÍSÍ.

16. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar:

- 294. og 295. fundur framkvæmdastjórnar
- 14. og 15. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 19. okt. 2020
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 22. október 2020
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ, fundir 108 – 111
- Afrekssjóðs ÍSÍ frá 19. okt. 2020
- Laganefnd ÍSÍ frá 20. október 2020. **Tillögur að afgreiðslu erinda, skv. fundargerð, samþykktar.**
- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 21. október 2020. **Tillögur að styrkveitingum, skv. fundargerð, samþykktar.**

17. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

18. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 12. nóvember 2020, daginn fyrir Formannafund ÍSÍ. Ákvörðun um desemberfund framkvæmdastjórnar verður tekin á næsta fundi.

19. Önnur mál

Fagráð Embættis landlæknis

Lögð fram tilkynning um skipan fagráðs Embættis landlæknis um lifnaðarhætti. Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ er skipuð sem varamaður í ráðinu.

Spurningakönnun til íþróttahéraða varðandi aukinn stuðning sveitarfélaga á COVID-tímum.

Andri Stefánsson skýrði frá því að í kjölfar fundar með íþróttahéruðum hafi verið send út spurningakönnun í gegnum íþróttahéruðin, til sveitarfélaga á landinu, til að freista þess að ná yfirsýn yfir mögulega aukinn stuðning þeirra við íþróttastarfið.

Samráð varðandi COVID-19

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðufundum sem haldnir hafa verið hjá yfirsamtökum íþrótta á Norðurlöndum og Hollandi sem og fulltrúa EOC EU Office í Brussel. Afar gagnlegt hefur reynst að fá reglulega upplýsingar um fyrirkomulag og úrlausnir frá nágrannalöndunum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari